

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Stykkishólmsbæ.

*Deiliskipulag fyrir miðbæ austan Aðalgötu.*

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti 9. desember 2022 deiliskipulag fyrir miðbæ austan Aðalgötu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið tekur til u.þ.b. 1,7 ha svæðis. Meginmarkmiðið með deiliskipulaginu er að skýra lóðarmörk, staðsetja gönguleiðir, skilgreina nýjar lóðir og byggingarreiti á auðum svæðum sem skulu vera í anda þeirrar byggðar sem fyrir er, ákveða fjölda og staðsetningu bílastæða og setja skilmála fyrir smáhýsi á lóðum.

Samhliða nýja deiliskipulaginu var gerð breyting á mörkum deiliskipulags fyrir miðbæ Stykkishólms frá 2003 og er svæði umhverfis gömlu kirkjuna nú hluti hins nýja deiliskipulags.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 25. apríl 2022.*

**Jakob Björgvin Jakobsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 27. apríl 2022